208. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma í Gufuneskirkjugarði

Fimmtudaginn 17. október 2024.

Mætt voru: Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:15.*
2. *Fundargerð 207. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Stefnumótunarvinna.*
    a. *Verkefni kirkjugarðaráðs og KGSÍ skoðuð.* Rætt var um skiptingu verkefna milli ráðsins og sambandsins. Sammælst var um að stefnumótandi vinna sé innt af hendi kirkjugarðaráðs sem og ákvarðanir sem varða stjórnsýslu. Framkvæmd einstakra verkefna geti hins vegar verið seld út til KGSÍ eða annarra aðila, t.a.m. útdeiling framlags hins opinbera til kirkjugarða um landið o.fl. Við gerð reiknireglu vegna fjárveitinga og ákvörðunar einingaverðs þarf umsögn eða greinargerð frá KGSÍ en staðfesting þessa er á borði kirkjugarðaráðs. Rætt var um uppfærslu vefsins gardur.is í nútímalegt horf. Kannað verður hvort KGSÍ geti séð um það verkefni fyrir hönd kirkjugarðaráðs gegn styrkveitingu. Ingvar og Smári munu taka saman áætlaðan kostnað við uppfærslu og endurnýjun vefjar og koma með á næsta fund.
    b. *Lagður grunnur að nýju samkomulagi um framlög ríkisins til kirkjugarða.* Fyrir liggur að núgildandi samkomulag endurspeglar ekki raunkostnað vegna reksturs kirkjugarða. Jafnframt hafa orðið breytingar á grafsiðum landsmanna síðan samkomulagið var undirritað árið 2005, en sífellt fleiri kjósa bálför og fer fjöldi duftkerja að nálgast 50% jarðsetninga á landsvísu. Um 1200 bálfarir fara nú fram álega en voru milli 2-300 þegar samkomulagið var gert. Ekki er greitt til bálstofu líkt og þarf og duga fjárveitingar rétt fyrir breytilegum kostnaði en ná ekki yfir fastan kostnað. Til grundvallar nýju samkomulagi um framlög ríkis til kirkjugarða þarf að fá skýra mynd af raunkostnaði vegna reksturs kirkjugarða um landið. Slík vinna var unnin af Haraldi L. Haraldssyni árið 2013, en ýmislegt hefur breyst síðan þá, m.a. launavísitala, olíuverð o.fl. Til undirbúnings slíkri vinnu mun Ágústa fá endurgjöf frá nokkrum kirkjugörðum um raunkostnað vegna greftrana og umhirðu. Ingvar tekur

einnig saman kostnað vegna bálstofu. Rætt var um að fá utanaðkomandi aðila til að vinna skýrslu áþekka þeirri frá 2013 að fengnum gögnum frá kirkjugarðaráði, mögulega má uppreikna hluta hennar með hliðsjón af vísitölukörfu og neysluverði.

4. *Önnur mál.* 1) Rætt var um greinargerð Árna Vilhjálmssonar hrl. um lagalegar hliðar mála er varða hver ræður því hvort jarðsetja megi duftker í leiði annars einstaklings og hver hefur ákvörðunarrétt til að ráðstafa fráteknu leiði sem ekki er skráð á kennitölu eða nafn. Skýra mætti betur ýmis álitamál hvað þetta varðar. Ingvar og Smári munu taka saman punkta um hvað þarf frekari skýringa við. 2) Kirkjugarðar Reykjavíkur hafa fengið ítrekaðar kvartanir vegna mengunar frá bálstofu, sem ekki er hægt að bregðast við nema byggja nýja bálstofu. Kirkjugarðar Reykjavíkur eru að safna gögnum til að finna út hvað það er sem veldur reyk. Ingvar ætlar að fá samantekt frá heilbrigðiseftirlitinu um fjölda kvartana sem því hafa borist. Kirkjugarðaráð hefur áhyggjur af málinu, þar sem stefnir í óefni ef ekki verður hægt að brenna lík. Ráðið mun skora á stjórnvöld að beita sér fyrir lausn þessara mála. 3) Norræn kirkjugarðaráðstefna verður haldin hérlendis í september 2025. Einnig verður haldið upp á 30 ára afmæli KGSÍ á aðalfundi sambandsins í Hveragerði 2.-3. maí 2025. Hluti dagskrár verður heilsdags námskeið þar sem m.a. verða kynntir slátturóbotar o.fl.
5. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 21. nóvember kl. 13:00 í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma í Gufuneskirkjugarði.

Fundi var slitið kl. 15:45.